

Tilmæli.

Verklagsreglur um viðhaldsáætlun

Skráðar verklagsreglur fyrir viðhald húsnæðis og búnaðar skulu ná til allra svæða, innréttinga og búnaðar, allra ökutækja og gáma sem notaðir eru til flutninga á matvælum. Hversu oft er farið yfir viðhaldspörfina tekur mið af umfangi starfsemi fyrirtækisins.

- *Verklagsreglurnar skulu bæði innihalda fyrirmæli um viðvarandi og fyrirbyggjandi viðhald, s.s. þjónustu- og ástandseftirlit með loftræstingu, vatnsleiðslukerfi, þrýstítönkum, tækjabúnaði s.s. kælibúnaði, hitunarbúnaði, lokum (ventlum) og pökkunarvélum.*
- *Kalibrering eða prófun mælitækja s.s. hitanema í framleiðsluferlinu, þrýstimæla /þrýstinema og voga.*
- *Viðhald húsnæðis, innréttinga og búnaðar.*
- *Verklagsreglur skulu jafnframt lýsa viðmiðunarmörkum, vöktun, mati og aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skráð skuli.*

Verklagsreglum má skipta upp t.d. þannig að ein regla nái yfir byggingar, innréttingar og aðra byggingatengda hluti; önnur yfir búnað tengdum framleiðslu og flutningi og sú þriðja yfir skynjara (nema), mælitæki og annan búnað sem þarf að stilla, prófa eða “kalibrera.”

Breyting á verklagi við skoðun hjá leyfishöfum

Byggi leyfishafar þetta verklag inn í gæðakerfi sitt og fari eftir því, skapast grundvöllur fyrir því að breyta eftirliti og dæmingum vegna þessara þátta.

Dæmi um hvernig skoðunarfyrirmæli vegna viðhalds bygginga, innréttinga og byggingatengdra hluta gæti verið:

Kannið hvort dæmi séu um td. trosnað eða skemmt yfirborð, flagnandi málningu, slæm samskeyti, ryðmyndun, vatnsskemmdir og ómáluð gegndræp efni s.s.timbur. Undir þetta atriði fellur jafnframt hvort þessi frávík eru færð inn á viðhaldslista. Liggi fyrir skrifleg viðhaldsáætlun um þessi frávík þar sem eðlilegur tími til úrbóta er innfærður, skal ekki dæma á frávikið, svo fremi að ekki sé um bráða mengunarhættu afurðar að ræða.